

Tillögur starfshóps um samkenndu o.fl.

1. Samkenndu og hlaðborð kenndugreina

- a) Vinnu undirhóps um samkenndu verði fylgt eftir og kenndulunefndum fræðasviða í samráði við sviðsforseta og -stjórn falið að hrinda tillögum þeirra í framkvæmd.
- b) Tölfræðihlaðborð verði fullunnið og sett í kennduskrá skólaársins 2012-13. Deildir eru hvattar til að innleiða það að eins miklu leyti og unnt er frá og með haustmísseri 2011 og enn frekar að vori 2012. Hlaðborðið verði fullbúið og tilbúið til notkunar eigi síðar en haustið 2012. Tryggt verði að deildir sjái sér hag í því að nýta sér borðið. Námsráð um tölfræði annist umsjón, kynningu og skipulagningu tölfræðihlaðborðsins.

2. Uppgjör vegna samkenndu

Samningar verði meginleið í uppgjöri samkenndra námskeiða, en taka má mið af 80-20% reglunni. Sviðsforsetar og sviðsstjórnir ásamt deildarforsetum hafi umsjón með samningunum. Innri endurskoðandi leiðbeini sviðum og deildum eða verði til ráðgjafar ef þess er óskað.

3. Endurskoðun deililíkans

Fjárveiting fari óskipt til sviða, nema sviðsforseti og sviðsstjórn óski annars.

4. Námsframboð og skipan fræðasviða í deildir

Ekki er gerð tillaga um breytta deildaskipan að sinni.

5. Aðrar aðgerðir til hagræðingar og stuðnings samkenndu

- a) Koma þarf á sveigjanlegri vinnuskyldu og auka þarf tækifæri starfsmanna til að sækja rannsóknafé í erlenda samkeppnissjóði.
- b) Tekin verði upp samræmd stundaskrá í stókkakerfi fyrir háskólann í heild. Ennig er brýnt að fastir prófdagar liggja fyrir við upphaf skólaárs. Skipting skólaársins í fjórar annir gæfi enn frekari tækifæri til samkenndu.
- c) Deildir þjóði að jafnaði einungis upp á skyldunámskeið fyrstu tvö árin í grunnnámi. Hvatt verði til þess að valnámskeið verði skyldunámskeið úr öðrum deildum eða námsbrautum.
- d) Kennduskrá verði bætt og námskeiðum sem ekki hafa verið kennd lengi eytt úr skránni.

Inngangur

Háskóli Íslands markaði sér metnaðarfulla stefnu í byrjun árs 2011 þar sem lýst er vilja skólans til að sækja fram á næstu árum og verða betri háskóli á alþjóðlega vísu. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016 felur í sér að forgangsraða þarf enn betur til að ná markmiðum um að efla hið akademíska starf.

Hinn 3. júní 2010 samþykkti háskólaráð minnisblað um leiðir til að koma til móts við niðurskurð fjárveitinga. Þar var lýst tveimur meginmarkmiðum:

- a. **Að standa vörð um stefnu skólans og mæta niðurskurði án þess að rýra gæði framhaldsnáms og rannsókna.**
Framhaldsnámið er ungt í skólanum og í örum vexti. Mikilvægt er að hlúa að því svo það nái þeim styrk sem það ætti að hafa í góðum háskóla af þessari stærð. Rannsóknastarfsemi skólans verði hlífð við niðurskurði og gefið tækifæri til að eflast.
- b. **Að fjárveiting til skólans nýtist sem best í þágu gæðakennslu og gæðarannsókna.**

Ennfremur samþykkti háskólaráð að hagrætt skyldi í grunnnámi og í stjórnslu deilda og sviða, en hagræðing í grunnnámi getur einkum orðið með því að fækka valnámskeiðum enn frekar og stækka hópa sem sækja einstök námskeið. Það verður helst gert með samkennslu en einnig kemur til álita að stækka hópa með því að fækka námsleiðum.

Á sama fundi skipaði háskólaráð starfshóp til að útfæra nánar tilgreind atriði minnisblaðsins. Sá hópur skilaði eftirfarandi tillögum í október 2010:

- a) **Kortlagning samkennslumöguleika á fræðasviðum.** Fræðasviðum verði falið að kortleggja alla samkennslumöguleika á viðkomandi sviði. Þau leggi enn fremur til samkennslu þvert á svið þar sem því verður við komið. Byggja má á reynslu og verklagi kennslunefndar HVS. Með þessu er tryggt að tekið verði tillit til faglegra sjónarmiða allra sem nýtt geta samkennd námskeið. Fyrstu tillögur liggja fyrir í ársbyrjun 2011 svo þær geti komið til framkvæmda samkvæmt kennsluskrá 2011-2012.
- b) **Endurskoðun á uppgjöri samkennslu.** Endurskoðað verði innan núverandi deililíkans, uppgjör námskeiða sem hvetji til aukinnar samkennslu. Lagt er til að farnar verði tvær leiðir í þessu skyni, *samningaleið* og *samstarfsleið*. Gæta þarf þess að nýjar uppgjorsreglur komi ekki niður á deildum sem sinna umfangsmikilli þjónustukennslu sem þegar er hagkvæm fyrir skólann í heild.
- c) **Endurskoðun deililíkans.** Tekið verði í áföngum upp nýtt fyrirkomulag uppgjörskennslu sem byggir að eins miklu leyti og unnt er á raunkostnaði og kostnaðarflokkun námskeiða. Sviðin fái þá einnig grunnfjárveitingu til að standa undir annarri starfsemi.
- d) **Tölfræðihlaðborð.** Sett verði upp 'tölfræðihlaðborð' með aðkomu allra sviða skólans og það prufukeyrt frá haustmíssi 2011 í tilraunaskyni sem líkan fyrir mögulegan arftaka núverandi deililíkans.
- e) **Fjárhagslegt uppgjör innan fræðasviða.** Starfshópurinn leggur til að sviðum verði falin skipting fjár á milli deilda í því skyni að nýta betur fjármuni og mannaud.

Hinn 17. desember 2010 fól háskólaráð nýjum starfshópi:

1. að stýra, í samstarfi við forseta fræðasviða, kortlagningu samkennslumöguleika og skoða „hlaðborð“ kennslugreina í tengslum við það;
2. að vinna í samstarfi við forseta fræðasviða að endurskoðun á uppgjöri við samkennslu (svokallaða samningaleið og samstarfsleið);
3. að endurskoða deililíkan Háskóla Íslands í samráði við formann fjármálanefndar;
4. jafnframt hugi hópurnum að endurskoðun námsframboðs og skipunar fræðasviða háskólans í deildir.

Í hópinn voru skipuð:

Gunnlaugur Björnsson, Raunvísindastofnun Háskólans (RH), formaður

Daði Már Kristófersson, Félagsvísindasviði (FVS)

Halldór Jónsson, vísindasviði

Sigríður Ólafsdóttir, háskólaráði

Amalía Björnsdóttir, Menntavísindasviði (MVS)

Ásdís R. Magnúsdóttir, Hugvísindasviði (HUG)

Guðmundur F. Úlfarsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði (VON)

Ingjaldur Hannibalsson, Félagsvísindasviði (FVS)

Sesselja S. Ómarsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði (HVS)

Að ósk hópsins tilnefndu sviðsforsetar fólk til að kortleggja samkennslumöguleikana á sviðunum. Að auki voru fengnir fulltrúar allra sviða til að skoða núverandi og æskilegt framboð á tölfræði- og aðferðafræðinámskeiðum og gera tillögur að tölfræðihlaðborði.

Starfshópur háskólaráðs einbeitti sér að umfjöllun um deililíkan skólans og hugsanlegar endurbætur á því. Sér í lagi fjallaði hópurnum um þær fjárhagslegu hindranir sem líkanið setur tilraunum til og hugmyndum um samkennslu, en fjallaði ekki um hinu faglegu hlið samkennslunnar. Sérstaklega var leitað leiða til að hvetja deildir og námsbrautir til sam- og þjónustukennslu. Alls fundaði starfshópurinn 13 sinnum.

1a) Samkennsla

Í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 segir: „Stuðlað verði með markvissum hætti að auknu samstarfi deilda og fræðasviða í því skyni að fjölga tækifærum nemenda til að kynna rannsakendum og rannsóknaraðferðum á ólíkum sviðum, styrkja þverfræðilegt samstarf og nýta sem best mannauð og fjármuni háskólans.“ Kortlagning samkennslumöguleika er ein af nauðsynlegum forsendum þess að unnt sé að ná þessu markmiði.

Undirhópur um samkennslu tók til starfa 10. janúar 2011. Í hópinn voru skipuð þau Þórhallur Guðlaugsson, FVS, Sveinn Yngvi Egilsson, HUG, Sesselja S. Ómarsdóttir, HVS, Guðrún Eysteinsdóttir, MVS og Ólafur P. Pálsson VON. Sif Einarsdóttir tók við af Þórhalli snemma misseris. Gunnlaugur Björnsson sat að auki alla fundi hópsins, sem fundaði alls 6 sinnum.

Ákveðið var að kynna vinnulag HVS við kortlagningu samkennslu fræðasviðsins, en þar var vinnan einna lengst komin. Fylgdu sum svið því verklagi en vannst misvel. Hér á eftir fer stutt samantekt um möguleika hvers sviðs. Ítarlegar greinargerðir er að finna í viðauka. Þegar rætt er um samkennslunámskeið hér er átt við námskeið, tvö eða fleiri, þar sem skörun efnis er það mikil að unnt er með tiltölulega litlum breytingum að kenna námskeiðin sem eitt. Í sumum tilfellum gæti aðeins hluti námskeiðs verið sameiginlegur. Greinarmunur ólíkra námsleiða innan námskeiðsins er þá gjarnan gerður í verkefnum, dæmatímum o.s.frv.

Þess skal gætt að aukin samkenndsla rýri ekki gæði námsins, hvorki að efnislegu innihaldi né framsetningu, þótt nemendahópar verði að jafnaði stærri. Það er einnig lykilatriði að í samkenndum námskeiðum verði ekki slakað á faglegum kröfum. Áréttu verður að samkenndsla getur falið í sér að tvö eða fleiri sambærileg námskeið eru kennd sem eitt, eða að námskeið annarra deilda eða sviða eru notuð sem val- eða skyldunámskeið. Seinna tilvikið er oft nefnt þjónustukennsla. Ekki er nauðsynlegt að nemendur deilda sitji samkennt námskeið í heild, heldur taki einungis þann hluta þess sem námsleið viðkomandi krefst.

Tölulega samantekt um umfang sam- og þjónustukennslu veturinn 2009-2010 er að finna í töflum 1 og 2 á bls 6.

Heilbrigðisvísindasvið

Á fræðasviðinu er vinnan við kortlagningu samkenndslu komin lengst enda hófst hún undir lok árs 2009. Nú þegar er hafin kennsla í einu samkenndu námskeiði í sameindalífvísindum og annað verður kennt í haust. Þá er verið að skoða ýmsa fleiri möguleika á samkenndslu á milli ólíkra deilda innan sviðsins og er líklegt að alls verði kennd átta námskeið þar sem nemendur koma frá tveimur eða fleiri deildum. Loks hafa sex námsgreinar verið nefndar þar sem samkenndsla á milli sviða kemur til greina, sér í lagi á milli HVS og VON, en einnig MVS. Það hentar þó ekki öllum deildum HVS að samkenna með öðrum, t.d. vegna mismunandi skipulags. Sumar deildir HVS hafa í gegnum tíðina einnig nýtt sér þjónustukennslu í umtalsverðum mæli, að mestu hjá Raunvísindadeild.

Veturinn 2009-2010 tóku nemendur annarra sviða námskeið á vegum HVS sem svöruðu til um 4,2% þreyttra eininga sviðsins, flestir í þverfræðilegu framhaldsnámi. Matvæla- og næringarfræðideild og Lyfjafræðideild nýta sér sam- eða þjónustukennslu annarra í mestum mæli eða sem svarar 30,1% og 26,4% af heildareiningafjölda nemenda deildanna.

Hugvísindasvið

Á hugvísindasviði hefur samkenndsla tíðkast lengi og farið nokkuð vaxandi síðastliðin ár. Samkenndsla á milli deilda er þegar nokkur, en unnt að auka hana töluvert. Aukin samkenndsla sýnist þó möguleg bæði í grunn- og framhaldsnámi. Þá eru stök námskeið á meistarastigi í boði á vegum Endurmenntunar. Auk samstarfs við FVS, virðast flestir möguleikar vera á samkenndslu með MVS, m.a. í íslensku og erlendum tungumálum. Alls virðist mögulegt að samkenna 8-10 námskeið innan sviðs og 6 á milli sviða.

Veturinn 2009-2010 tóku nemendur annarra sviða námskeið á vegum HUG sem svöruðu til um 8,2% þreyttra eininga sviðsins. Deild erlendra tungumála (17,2%) og Guðfræðideild (23,5%) sinna umtalsverðri þjónustukennslu fyrir aðrar deildir og svið.

Menntavísindasvið

Menntavísindasvið skipulagði á líðandi vetri fundaröð þar sem m.a. var rætt um samnýtingu kennslukrafta sviðsins milli námskeiða og námsbrauta. Þá var fjallað um sameiginlega skipulagningu nýrra námskeiða þvert á deildir og svið. Veruleg samkenndsla er þegar á milli deilda MVS. Nokkur samkenndsla er á milli MVS og HUG, sér í lagi í ensku og dönsku, en einnig á milli MVS og FVS. Ekki virðast hafa verið nýttir að marki möguleikar á milli MVS og VON, t.d. í stærðfræði, náttúru- og eðlisvísindum. Skipulag meistaranáms í kennslufræði tungumála og raunvísinda er í vinnslu í samvinnu við HUG og VON. Ekki er unnt að telja beint upp námskeið sem koma til greina við samnýtingu og samkenndslu, en ljóst að skörun við námskeið eða námskeiðshluta annarra sviða er einhver.

Í íþrótt- og heilsufræði hamlar landfræðileg aðgreining samnýtingu námskeiða með öðrum deildum og sviðum. Huga mætti að breyttu skipulagi og staðsetningu námsins eða aukinni fjarkennslu með það í huga að nýta betur þau tækifæri sem fyrir hendi eru.

Veturinn 2009-2010 tóku nemendur annarra sviða námskeið á vegum MVS sem svöruðu til um 1,8% þreyttra eininga sviðsins. Nemendur FVS eru fyrirferðamestir af nemendum annarra sviða í námskeiðum MVS. Uppeldis- og menntunarfræðideild sinnir töluverðri þjónustukennslu (18,5%), en nemendurnir koma flestir frá hinum tveimur deildum sviðsins.

Í skýrslu verkefnisstjórnar um sameiningu HÍ og KHÍ frá desember 2008, segir á bls 27: „Vert er að ítreka að sameining skólanna var ekki gerð í hagræðingarskyni heldur var markmiðið með henni að auka gæði náms og rannsókna“. Þá eru í skýrslu verkefnisstjórnar rifjaðar upp helstu faglegu ástæður sameiningarinnar, nefnilega að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð, skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi, og að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum.

Í skýrslunni greinir verkefnisstjórnin um sameiningu HÍ og KHÍ frá vinnu verkefnishóps um skipan náms á MVS. Hann setti fram 25 tillögur um samþættingu kennslu og rannsókna í sameinuðum háskóla, m.a. um stofnun samstarfsfagráða MVS og kennslugreina grunn- og framhaldsskólans sem kenndar eru á öðrum fræðasviðum. Í skýrslu verkefnisstjórnar er tilgreint að samstarfsfagráði hafi verið komið á fót í íslensku, en önnur hafi enn ekki verið stofnuð. Einstakir kennarar hafi þó hafið „þreifingar“ sem séu vel af stað komnar t.d. í erlendum tungumálum, en mun skemur í öðrum greinum eins og náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Samkvæmt töflu 1 hefur samþættingin enn ekki skilað miklu. Umreiknað yfir í fjölda heilsársnemenda sóttu 16 slíkir nám til HUG, 20 til FVS, fimm til HVS og einn sótti nám til VON. Alls sækja um 30 heilsársnemendur annarra sviða námskeið hjá MVS. Heldur meiri sókn er því frá sviðinu en til þess. Ljóst virðist því að enn eru fjölmörg tækifæri ónýtt í samstarfi annarra sviða við MVS enda aðeins um þrjú ár liðin frá sameiningunni.

Starfshópurinn hvetur til þess að gert verði átak í að nýta betur þá faglegu möguleika sem augljóslega voru einn af hvötum sameiningarinnar. Flutningur MVS á inn á háskólasvæðið væri mikilvægt skref í þá átt.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði tíðkast mikil samkennsla. Þar ber hæst þjónustukennslu raunvísindadeildar, sem fjölmargar aðrar deildir innan sviðsins og utan njóta, en 64,7% af þreyttum einingum deildarinnar er vegna nemenda annarra deilda. Þjónustukennsla raunvísindadeildar er forsenda þess innan núverandi deililíkans að kennd séu eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði við HÍ.

Veturinn 2009-2010 tóku nemendur annarra sviða námskeið á vegum VON sem svöruðu til um 9,3% þreyttra eininga fræðasviðsins að þverfræðilegu framhaldsnámi meðtöldu. Á milli fræðasviða er í gangi samstarf við HVS, sér í lagi í raungreinum og lífvísindum. Þá er nokkuð um að nemendur í verkfræði og raunvísindum sæki námskeið á öðrum sviðum, sér í lagi til FVS. Ljóst er að til eru tækifæri til frekari samkennslu á milli deilda, bæði innan sviðs og utan. Nauðsynlegt er að VON láti fara yfir námsframboð allra deilda sviðsins í þeim tilgangi að greina samkennslumöguleika og gera tillögur að framkvæmd.

Félagsvísindasvið

Á Félagsvísindasviði er mikil samkensla nú þegar, sum námskeið eru fjölmenn og ekki heppilegt að stækka þá hópa frekar. Ítarlega lýsingu á möguleikum sviðsins skortir í bili, en verið er að vinna að samantekt. Þó er þekkt að samkenslumöguleikar við bæði HUG og MVS eru þegar nýttir að einhverju marki en þá mætti áreiðanlega auka. Samvinna er einnig á milli Hagfræðideildar og verkfræðideildanna.

Veturinn 2009-2010 tóku nemendur annarra sviða námskeið á vegum FVS sem svöruðu til um 5,1% þreyttra eininga sviðsins. Hagfræðideild (28,1%) og Félags- og mannvísindadeild (24,8%) afla flestra eininga af deildum fræðasviðsins með þjónustu- og samkenslu.

Samantekt

Tafla 1 sýnir umfang samkenslu á milli sviða í þreyttum einingum talið veturinn 2009-2010 (samkensla deilda innan sama sviðs er ekki sundurliðuð hér). Lóðrétt er uppruni nemenda og lárétt heimasvið námskeiða. Eininga á hornalínunni (skyggðir reitir) er aflað innan fræðasviðs. Einingar í þverfræðilegu framhaldsnámi eru ekki taldar með (alls 4862), en þær eru að mestu teknar innan HVS og VON (alls 4115). Taflan sýnir að nemendur FVS þreyta alls 4403 einingar í námskeiðum HUG og nemendur HUG þreyta 2867 í námskeiðum FVS. Á sama hátt taka nemendur MVS 940 einingar í námskeiðum HUG. Athygli vekur að mesta samkenslan á milli sviða er hjá HVS sem þreytir 5600 einingar hjá VON, hjá FVS sem þreytir 4403 einingar hjá HUG og hjá VON sem þreytir 3584 einingar hjá FVS.

Tafla 1. Samkensla milli fræðasviða og innan hvers sviðs talin í þreyttum einingum.

		Heimasvið námskeiða					
Upprunasvið nemenda		HUG	FVS	MVS	HVS	VON	Milli deilda, innan sviðs
	HUG	87569	2867	441	468	762	7360
	FVS	4403	163435	590	258	494	16919
	MVS	940	1205	98585	270	60	8105
	HVS	527	1012	465	92852	5600	798
	VON	1770	3584	269	583	83370	21814

Tafla 2 sýnir hliðstæð gögn og í töflu 1 en nú sem hlutfall af heildareiningafjölda viðkomandi sviðs. Á hornalínunni er nú heildareiningafjöldi hvers sviðs, það er samanlagður fjöldi eininga í hverjum dálki í töflu 1. Þverfræðilegu framhaldsnámi er einnig sleppt hér. Þannig standa nemendur FVS fyrir 0,3% af heildareiningafjölda HVS og nemendur HVS fyrir 0,5% af einingafjölda MVS. Umfang samkenslu innan sviða verður ljóst í síðasta dálki, þar sem t.d. 9,8% af einingum FVS er vegna samkenslu innan sviðsins og 24,1% af einingum VON.

Tafla 2. Samkensla milli sviða sem hlutfall af heildareiningafjölda heimasviðs námskeiða.

		Heimasvið námskeiða					
Upprunasvið nemenda		HUG	FVS	MVS	HVS	VON	Milli deilda, innan sviðs
	HUG	95209	1,7%	0,4%	0,5%	0,8%	7,7%
	FVS	4,6%	172103	0,6%	0,3%	0,5%	9,8%
	MVS	1,0%	0,7%	100350	0,3%	0,1%	8,1%
	HVS	0,6%	0,6%	0,5%	94431	6,2%	0,8%
	VON	1,9%	2,1%	0,3%	0,6%	90686	24,1%

Ljóst er að HVS, FVS og VON senda töluvert af sínum nemendum til annarra sviða. Almennt má segja að nemendur allra sviða leiti í einhverjum mæli til annarra sviða, en þó sýnu minnst af MVS til VON. Þá vekur athygli lítil samkensla á milli deilda á HVS.

1b) Tölfræðihlaðborð

Tölfræði var tekin fyrir sérstaklega. Þarfir einstakra námsleiða fyrir tölfræði voru kortlagðar og stillt upp „hlaðborði“ þar sem tryggt er framboð námsleiðshluta sem uppfylla þarfir allra námsleiða. Fengnir voru tölfræðingar eða tölfræðisólggir eintaklingar allra fræðasviða til að koma að þessari vinnu. Frá FVS kom Hulda Þórisdóttir, frá HVS Thor Aspelund, frá MVS Sigurlína Davíðsdóttir, frá VON Guðmundur F. Úlfarsson og frá HUG Eiríkur Rögnvaldsson. Notkun tölfræði í hugvísindum er nokkur og vaxandi og því nauðsyn að þarfir þeirra væru einnig tryggðar. Gunnar Stefánsson prófessor við VON var fenginn til að stýra starfinu og Gunnlaugur Björnsson sat sumu fundi hópans. Það var ánægjulegt að allir þátttakendur í þessari vinnu litu á þetta sem tækifæri til að bæta þjónustu og framboð á tölfræði sinna nemenda og þar með gera þeim kleift að ná markvissari tökum á öllum þeim tölfræðipáttum sem nám þeirra krefst.

Undirhópur um tölfræði hittist fyrst 14. febrúar og hefur fundað alls 7 sinnum.

Drög að hlaðborðinu má nálgast á gagnvirkri vinnusíðu¹ þar sem hópurinn leggur sameiginlega í púkk. Í stuttu máli samanstendur borðið af námseiningum sem raða má saman þannig að allir nemendur fái þá tölfræðikennslu sem viðkomandi námsleið krefst:

- Grunnnámsleið:* Fimm námsleið verða í boði sem tryggja grunnþarfir allra. Námsleiðin gera mismiklar kröfur um stærðfræðipækkingu. Fjögur þessara námsleiða eru þegar til og verða að mestu óbreytt. Til viðbótar er lagt til sett verði á stofn nýtt námsleið um skipulagningu og úrvinnslu spurningakannana.
- Viðbótarnámsleið:* Til viðbótar grunnnámsleiðunum samanstendur tölfræðihlaðborðið af einingum (módúlum) sem hver um sig tekur u.þ.b. fjórar vikur, og fjallar hver eining um afmarkað tölfræðilegt viðfangsefni. Fyrsti hluti viðbótareininganna gerir einungis forkröfu um grunnnámsleið. Þar má t.d. nefna fjölvíða aðhvarfsgreiningu, hagnýtta tímaraðgreiningu, tölfræðilega gæðastjórnun, o.s.frv. Þessar einingar verða svo forkröfur fyrir næsta flokk viðbótareininga.
- Sérhæft nám:* Hér eru einingarnar misviðamiklar, geta tekið allt frá 5 vikum að heilu misseri (t.d. í námi til tölfræðigráðu) og byggja alment ofan á viðbótarnámsleiðin.

Fyrirlestrar í einingum verða sameiginlegir, en nemendur af ólíkum námsleiðum fá verkefni og gögn sem tengjast þeirra námi og læra þannig hagnýtingu tölfræðinnar eins og tíðkast á viðkomandi sviði. Tölfræðikennarar viðkomandi deilda og sviða skipuleggja og sjá um verkefnavinnu sinna nemenda og tryggja að faglegur undirbúningur verði eins og til er ætlast. Þeir geta líka eftir ástæðum skipt með sér fyrirlestrakennslu. Enn á eftir að koma hlaðborðinu fyrir í stundaskrá, en það er einfaldast að gera með því að festa einingarnar (námsleiðshlutana) í tilteknum stökkum.

Lagt er til að skipað verði námsráð í tölfræði með fulltrúum allra sviða. Námsráðið sjái um mönnun kennslunnar, hafi eftirlit með henni og leysi úr athugasemdum og ábendingum sem fram kunna að koma. Hlaðborðseiningarnar verði hýstar sem jafnast hjá þeim sviðum sem nú kenna tölfræði, e.t.v. í hlutfalli við núverandi umfang hennar. Lagt er til að starfsmaður verði fenginn til að kynna deildum hlaðborðið og kosti þess og hvetji til nýtingar þess.

¹ http://tgax14.rhi.hi.is/wiki/index.php/UI_courses

2. Uppgjör vegna samkennslu, fjárveitingar og stjórnun

A) Starfshópurinn leggur til að samningaleiðin verði megin uppgjörsléið nýrra samkenndra námskeiða, en taka megi mið af 20/80 reglunni ef það þykir henta. Sviðsforsetar og sviðsstjórnir hafi umsjón með samningunum e.t.v. með aðstoð innri endurskoðanda háskólans eða annarra þeirra sem þegar hafa reynslu af slíkum samningum. Samningaleiðin ætti að skapa nægilega fjárhagslega hvata fyrir deildir og svið.

Tölfræðihlaðborðið verði fjármagnað með framlagi úr Kennslumálasjóði, sem greiði kr. 500 þúsund á ári í eitt til tvö ár fyrir hvert tölfræðinámskeið sem lagt er niður á mótí hlaðborðinu. Þreyttum einingum sem hlaðborðið aflar verði skipt í hlutfalli við fjölda þeirra námskeiðshluta sem hvert svið hýsir.

B) Fjárveiting fari óskipt til sviða.

Með þessu hefur sviðsforseti og sviðsstjórn faglega og fjárhagslega yfirsýn yfir rekstur allra eininga sviðsins og getur stýrt fjárstreymi svo það nýtist sem best, m.a. með samkennslu og nýtingu tölfræðihlaðborðs. Sviðsþing beri ábyrgð á framboði námskeiða og námskeiðsúrvali sviðsins í heild. Ný námskeið hljóti samþykki sviðsþings. Fjárveiting fari óskipt til sviðanna nema sviðsforseti og sviðsstjórn óski annars.

C) Starfshópurinn ræddi mikið um hvaða fjárhagslega hvata mætti nýta til þess að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnenda. Reynt var að finna heppilega hvata til þess að auka samkennslu en ekki náðist samstaða innan hópsins um útfærslu á þeirri leið. Sú spurning vaknaði hins vegar hvort ekki eigi að gera þá kröfu til stjórnenda í Háskóla Íslands að þeir taki skynsamlegar ákvarðanir í samræmi við stefnu skólans án þess að til komi sérstakir fjárhagslegir hvatar. Fjárhagsleg staða tveggja deilda batnar ef hvor um sig fellir niður eitt námskeið og sameinar nemendur sína í einu námskeiði í annarri deildinni. Það eitt ætti að vera nægur hvati. Nauðsynlegt er að stjórnendur geti metið fjárhagslegar afleiðingar ákvarðana sinna og því er mikilvægt að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu eða hafi aðgang að ráðgjöf t.d. frá innri endurskoðanda. Starfshópurinn leggur til að stjórnendabjálfun verði aukin þannig að stjórnendur taki fulla ábyrgð á þeim rekstrareiningum sem þeir stýra. Sviðsforsetar fylgist síðan með árangri deildarforseta og rektor með árangri sviðsforseta.

3. Endurskoðun deililíkans

Deililíkan skólans hefur tekið ýmsum breytingum í tímans rás. Breytingar hafa miðað að því að sníða af agnúa sem menn hafa talið sig rekast á í notkun þess. Óánægja með verð reikniflokka ráðuneytisins er þó líklega helsta ástæða þess að flestum finnst deililíkanið meingallað, en galla þess má telja þessa helsta:

- Deildarmúrar rísa til að verja fjárhagslega hagsmuni, þrýstingur er á að ráða stundakennara til að spara fé og námskeiðum er haldið í heimadeild
- Óöryggi í rekstri deilda vegna lítilla nemendahópa
- Óljós fagleg yfirræð námskeiða í sam- eða þjónustukennslu
- Óánægja með þjónustukennslu – skortur á leiðum til að hafa áhrif á kennslu og val á kennurum.

Starfshópurinn telur ekki tímabært að leggja til breytingar á deililíkani skólans á meðan ekki er ljóst hvort teknar verða upp aðgangstakmarkanir og þá með hvaða hætti. Nauðsynlegt er að endurskoða líkanið ef aðgangstakmörkunum verður komið á.

4. Námsframboð og skipan fræðasviða í deildir

Við skipulagsbreytingar árið 2008 fjölgaði deildum skólans úr 11 í 25 án þess að í öllum tilfellum lægju fyrir því sérstök fagleg rök. Starfshópnum var falið að skoða hvort ástæða væri til að endurskoða deildafyrirkomulag skólans. Erindi háskólaráðs fylgdu engar leiðbeiningar um sjónarmið sem hafa mætti að leiðarljósi við þá endurskoðun.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra fjármála og reksturs fylgir núverandi deildarforsetum ekki umtalsverður kostnaður, svo fækkun þeirra eða fjölgun myndi ekki breyta útgjöldum. Eftir standa þá tvö sjónarmið sem líta má til:

1. Fjölgun deilda: Þegar deildum var fjölgað úr 11 í 25 árið 2008, urðu margar hinna nýju deilda til með því að sjálfstæðar faglegar einingar (skorir í eldra fyrirkomulagi) voru gerðar að deildum. Þar sem fjölguninni myndi ekki fylgja verulegur kostnaður mætti hugsa sér að stíga skrefið til fulls og skipta núverandi deildum upp með svipuðum hætti. Núverandi námsbrautir yrðu þá gerðar að deild og yrðu áfram þær faglegu einingar sem halda utan um námið og tryggja faglegt innihald þess. Þær fengju þá um leið aukið sjálfstæði um innri mál á sama hátt og skorir höfðu áður. Í reynd má líta svo á að þannig yrðu deildir lagðar niður en námsbrautir kæmu í þeirra stað. Sviðstjórn sæi um fjármálin og daglegan rekstur.

2. Fækkun deilda: Ef fækka á deildum er tvennt sem kemur til álita. Í fyrsta lagi að deildir sem sameina á séu faglega skyldar, t.d. verkfræðideildirnar þrjár eða Lækna- og Tannlæknadeild. Í öðru lagi að deildir skólans séu ekki of fámennar því snertifletir við hugmyndir og umræðu á tengdum fagsviðum er alltaf til bóta og kemur í veg fyrir einangrun því stundum finnst mönnum sem þeir viti ekki hvað er á seyði í nágrannadeildum. Nú eru í deildum skólans 7 til 50 kennarar (læknadeild er undantekning, en þar eru 115 skráð mannár). Þó ekki séu til algild viðmið í þessu samhengi má ætla að 20-50 manna einingar geti verið hæfileg stærð til að mynd heildstæða faglega einingu. Skv. því mætti sameina t.d. Félagráðgjafadeild og Stjórn málafræðideild; Hagfræðideild og Viðskiptafræðideild; Matvæla- og næringarfræðideild og Lyfjafræðideild; læknadeildirnar tvær; Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Sagnfræði- og heimspekideild; verkfræðideildirnar þrjár; Jarðvísindadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild. Einnig væri hægt að stokka upp einingar eins og sjúkrahjálfun og Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild og sameina í nýja deild, en þar kemur landfræðileg aðgreining í veg fyrir augljósa samstarfsmöguleika.

Starfshópurinn gerir ekki tillögur til breytinga þar sem ekki er ljóst hvaða sjónarmið ætti að hafa til hliðsjónar. Starfshópurinn telur þörf á frekari greiningu á kostum og göllum núverandi skipulags og stjórnkerfis og skilgreiningu á markmiðum þess að fjölga eða fækka deildum áður en lengra er gengið. Starfshópurinn leggur áherslu á að allar breytingar sem gerðar kunna að verða þurfi bæði að styrkja og bæta stjórnun eininganna eins og rætt er í kafla 2.

5. Aðrar aðgerðir til að bæta nýtingu fjár

Stjórnendum Háskóla Íslands er sniðinn þröngur stakur í fjármálum. Langstærsti einstaki útgjaldaliður skólans eru laun, en ráðningarskilyrði starfsmanna gera uppsagnir erfiðar. Einn raunhæfu sparnaðarleiðirnar í kennslu felast í því að draga úr yfirvinnu og aðkeyptri stundakennslu um leið og bætt er nýting á kennsluframlagi fastra starfsmanna. Tekjur skólans vegna kennslu eru ákvarðaðar af ríkinu og hefur skólinn takmarkað svigrúm til að hafa áhrif á þær. Eini hluti teknanna sem skólinn getur haft veruleg áhrif á eru styrkir til

rannsóknna, sérstaklega erlendir rannsóknastyrkir, en ljóst er að smæð innlendra rannsóknasjóða takmarkar möguleika til frekari sóknar.

Hugmyndirnar hér á eftir lýsa nokkrum þeirra aðferða sem skólinn gæti beitt til að lækka launakostnað vegna kennslu og auka tekjur meðan gæði kennslu rýrna ekki og rannsóknir geta eflst.

a) Háskóli Íslands er fjölmennur vinnustaður og býr yfir fjölbreytilegum mannauði. Það skýtur því nokkuð skökku við að starfsskyldur flestra kennara eru sem næst hinar sömu. Sama rannsókn- og kennsluskylda er lögð á flesta kennara óháð því hvort hæfileikar þeirra eru fremur á sviði kennslu eða rannsókna. Þetta er tæplega til þess fallið að nýta mannauð skólans með besta mögulegum hætti.

Mikið er lagt upp úr að mæla afköst í kennslu og rannsóknum. Mælikvarðarnir sem notaðir eru mæla þó fremur magn en gæði og því nýtast þeir ekki sem skyldi og eru umdeildir. Ágætar forsendur ættu þó að vera fyrir hendi til þess að opna fyrir aukinn sveigjanleika í starfsskyldum. Til dæmis virðist eðlilegt að kennarar sem skila umtalsverðri kennslu en sýna minni virkni í rannsóknum helgi sig kennslunni frekar. Jafnframt fái þeir starfsmenn sem sýna mikla rannsóknvirkni svigrúm til að helga sig rannsóknum í enn ríkari mæli. Með slíku fyrirkomulagi má nýta mannauð betur en nú er gert og draga úr kostnaði vegna stundakennslu og kennslu í yfirvinnu.

Heimild til þessa er fyrir hendi í núverandi reglum, en tregða hefur verið til að nýta hana². Þessi tregða gæti verið til komin vegna þess að ekki er hefð fyrir því að nýta heimildina. Einnig getur veik stjórnun sem fylgir lýðræðislegu skipulagi stjórnunareininga, t.d. tíð skipti deildarforseta, verið hluti skýringarinnar. Auðvelda ætti starfsfólki sem aflar stórra styrkja að kaupa sig frá kennslu, sbr. umfjöllunina hér að framan. Með þeim hætti getur það helgað sig enn betur rannsóknum. Þessi leið er líkleg til að ýta enn frekar undir aukna umsóknvirkni og er víða tíðkuð í nágrannalöndunum. Að auki ætti að gera deildum kleift að greiða öflugum rannsakendum sérstaklega fyrir vinnuframlag sem skilar erlendum rannsóknatekjum. Það þyrfti að gera með því að heimila greiðslu yfirvinnu fyrir rannsóknastörf til jafns við yfirvinnu vegna kennslu í þeim tilfellum þar sem umfang rannsókna krefst og rannsóknatekjur leyfa. Með þeim hætti má stuðla að því að rannsakendur sem jafnframt eru vinsælir og eftirsóttir kennarar standi frammi fyrir raunverulegum valkosti um að helga sig rannsóknum án þess að líða fyrir það í skertum tekjum.

b) Starfshópurinn leggur til að tekin verði upp samræmd stundaskrá í stökkakerfi við skólann. Af því hlýst verulegt hagræði, t.d. í betri nýtingu kennsluhúsnæðis, auk þess sem það auðveldar nemendum samval námskeiða þvert á deildir og svið og liðkar þar með fyrir samkennslu. Þá gefst jafnframt færi á að fastsetja próftöflu um leið og kennsluskrá er lögð fram. Jafnframt væri æskilegt að meta hvort fjórskipt kennsluár auðveldaði slíka samræmingu.

c) Starfshópurinn leggur til að hugað verði að breyttu skipulagi náms þannig að valnámskeið verði almennt einungis í boði á 3. ári grunnnáms nema í þeim tilvikum þar sem skyldunámskeið annarra deilda nýtast sem valnámskeið. Með þessu er einnig unnt að nýta betur námskeiðaframboð við skólann. Aðgreining mismunandi námsleiða innan deildar færi þá fram á 3. námsári. Ef skipulag tiltekinnar námsgreinar krefst þess að valnámskeið séu í boði fyrr, er mælt með það þau verði einungis kennd annað hvert ár ef því verður við komið.

² Reglur nr. 605 - 2006 og nr. 971 - 2009.

Í því samhengi mætti einnig taka upp umræðu um hvort heppilegt geti verið að skipuleggja svokallað *pre-med* nám í heilbrigðisgreinum.

d) Endurskoðun kennsluskyldu (2-4 námskeið á hvern kennara) og samræming stundafjölda að baki námskeiða. Starfshópurinn leggur til að farið verði kerfisbundið yfir vinnustundamat að baki námskeiða. Matið er nú mjög mismunandi á milli sviða og jafnvel á milli deilda innan sama sviðs. Ljóst er að námskeið sem í eðli sínu eru eins (t.d. tveir fyrirlestrar á viku og umræðutími) geta vegið misþungt í kennsluskyldu tveggja kennara í mismunandi deildum. Ein leið til að leiðrétta þetta misræmi væri að innleiða „reikniflokka námskeiða“, þ.a. sambærileg námskeið séu metin með sama hætti, óháð því hvar þau eru kennd. Reikniflokkarnir yrðu fáir, en gera þarf greinarmun á umræðu- og dæmakennslu, verklegri kennslu og starfsþjálfun.

Verði farið út í slíka endurskoðun, mætti endurskoða kennsluskyldu kennara og telja hana í heilum námskeiðum (2-4 á ári), fremur en í klukkustundum.

Þá er lagt til að starfsmenn með akademíska nafnbót skili lágmarkskennsluframlagi án endurgjalds. Sviðsforsetar skoði möguleika á slíku vinnuframlagi innan sinna sviða.

6. Aðgerðaáætlun:

1. *Samkenntsla*: Formenn kennslunefnda sviðanna tilnefndir af háskólaráði verði fengnir til að ljúka kortlagningu samkenntslu hver á sínu sviði fyrir 1. október 2011. Lykilatriði er að verklagi HVS verði fylgt og kjarnahópar námsgreina verði virkjaðir. Sviðsforsetar gerðir ábyrgir fyrir verklokum og þeim falið að nýta þá samkenntslumöguleika sem fyrir hendi eru.

2. *Tölfræðihlaðborð*: Háskólaráð tilnefni þá sem stilltu upp hlaðborðinu í fyrsta námsráð í tölfræði. Vinnu við það ljúki ekki síðar en 1. október 2011. Þá þarf að kynna það á öllum sviðum og í öllum deildum. Einn eða fleiri af fulltrúum námsráðsins sjái um þá kynningu og hvetji deildir til nýtingar hlaðborðsins. Þeir fái á meðan tímabundna lækkun kennsluskyldu. Fullbúið kennsluhlaðborð fari í kennsluskrá á vormisseri 2012.

3. *Samningaleið*: Sviðsforsetar hafi umsjón með samningum deilda við uppgjör samkenndra námskeiða. Þeir beri jafnframt ábyrgð á að úr ágreiningi leysist og kalli til innri endurskoðanda eða aðra með reynslu af slíkum samningum (t.d. frá HVS) eftir þörfum.

4. *Nýtt deililíkan*: Sett verði í gang forvinna við nýtt deililíkan sem taka mætti upp ef aðgangstakmarkanir verða innleiddar við skólann.

5. *Deildaskipan*: Greina þarf þau faglegu sjónarmið sem liggja þurfa að baki skiptingu skólans í svið og deildir. Líta mætti til annarra skóla, t.d. háskólans í Árósum um fyrirmynd, en þar hafa svið og deildir nýlega verið stokkuð upp.

6. *Samræmd stundaskrá í öllum deildum, stökkakerfi og breytt misseraskipting*: Stofnaður verði vinnuhópur til að kanna kosti og galla þess að taka upp breytta misseraskiptingunni ásamt því að samræma stundaskrá í stökkakerfi.

Reykjavík 14. júní 2011

Gunnlaugur Björnsson, formaður,
Daði Már Kristófersson,
Halldór Jónsson,
Sigríður Ólafsdóttir,
Amalía Björnsdóttir,
Ásdís R. Magnúsdóttir,
Guðmundur F. Úlfarsson,
Ingjaldur Hannibalsson,
Sesselja S. Ómarsdóttir